



TÓNABÆR
FÉLAGSMIDSTÖÐ
KRINGLUMÝRI - FRÍSTUNDAMIDSTÖÐ

HVASSALEITISSKÓLI, KRAKKAKOT OG TÓNABÆR

- RÉTTINDASKÓLI OG FRÍSTUND UNICEF -
AÐGERÐAÁÆTLUN 2026 - 2027

SAMÞYKKT AF STJÓRNENDUM HVASSALEITISSKÓLA ÞANN 2. SEPTEMBER 2026

Efnisyfirlit

Réttindaskóli UNICEF.....	3
Réttindaskólar UNICEF og Barnasáttmálinn.....	3
Réttindaskólar UNICEF – hugmyndafræði og hagnýtt verkefni.....	4
Greinargerð vegna stöðumats.....	5
Að setja upp aðgerðir.....	6
Börn.....	6
Starfsfólk.....	9
Öryggi- og aðgengi.....	14
Samantekt.....	16

Réttindaskóli UNICEF

Réttindaskóli UNICEF (e. Child Right Schools) er hugmyndafræði og hagnýtt verkefni fyrir skóla- og frístundastarf sem tekur mið af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Barnasáttmálanum eins og hann er iðulega nefndur, og miðar að því að auka virðingu, vernd og framkvæmd mannréttinda. Skólar (leik- og grunnskólar), frístundaheimili og félagsmiðstöðvar sem vinna verkefnið leggja sáttmálann til grundvallar í öllu starfi sínu; skipulagningu, stefnumótun og starfsháttum.

Markmið Réttindaskóla er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpar börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi. Með þetta að markmiði eru grunnforsendur Barnasáttmálans útgangspunktur fyrir allar ákvarðanir í skóla- og frístundastarfi auk þess sem þær endurspeglast í samskiptum barna, ungmenna, kennara, frístundaráðgjafa og annars starfsfólks.

[Fjöldi Réttindaskóla UNICEF eru starfræktur víðsvegar](#) um heiminn en UNICEF aðlagar verkefnið hverju landi fyrir sig. Fyrstu Réttindaskólarnir á Íslandi hlutu viðurkenningu árið 2017 og þeim fer hratt fjölgandi.

Réttindaskólar UNICEF og Barnasáttmálinn

Í Réttindaskólum UNICEF notum við hugtakið heildarskólanálgun (e. Whole School Approach) til þess að skýra hugmyndafræði verkefnisins, en hún skiptist í fjögur skref sem lýsa heildrænni nálgun á innleiðingu réttinda barna í skólastarfið.

Fyrsta skref er að börnin njóti þeirra réttinda að mennta sig.

AÐ LÆRA ERU RÉTTINDI

Skref tvö er að börn og fullorðin þekki og læri um réttindi barna.

AÐ LÆRA UM RÉTTINDI

Í skrefi þrjú læra börn um réttindi sín í umhverfi sem styður við réttindi þeirra.

AÐ LÆRA Í RÉTTINDAUMHVERFI

Lokaskrefið er að börn iðki réttindi fyrir sig sjálf og aðra.

AÐ LÆRA AÐ IÐKA RÉTTINDI

Réttindaskólar UNICEF – hugmyndafræði og hagnýtt verkefni

Markmið verkefnisins

Skólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar sem innleiða verkefnið vinna að því að ná fimm markmiðum sem byggja á Barnasáttmálanum. Aðgerðaáætlun er unnin út frá markmiðum verkefnisins og gott er að hugsa öll verkefni og aðgerðir út frá því hvernig þær styðja við markmiðin fimm.

Fyrsta markmiðið er að **auka þekkingu á réttindum barna**. Börn og fullorðin eiga að þekkja Barnasáttmálann og geta tengt hann við skólastarfið. Barnasáttmálinn á að vera hluti af námskrám, kennsluáætlunum og þjálfun starfsfólks.

Annað markmiðið er **aukin þátttaka barna**. Starfsfólk þarf að vinna markvisst að því að auka og efla tækifæri barna til þess að hafa raunveruleg áhrif á öll málefni sem þau varða. Starfsfólk tekur tillit til skoðana barna og gefur þeim upplýsingar um ákvarðanir sem teknar eru.

Þriðja markmiðið er að **betri greining á stöðu barna**. Stöðumat er framkvæmt. Þekkingarkönnun er lögð fyrir starfsfólk og öll börn. Börn framkvæma aðgengis- og öryggiskönnun.

Fjórtða markmiðið eru **aðgerðir sem bæta aðstæður barna**. Skólar sem innleiða Réttindaskóla og -frístund UNICEF vinna aðgerðaáætlun úr niðurstöðum stöðumats og tryggja að aðgerðir í þágu réttinda barna séu settar í forgang. Réttindaskólar UNICEF styðja opinberlega við réttindi barna.

Fimmta markmiðið er **samstarf út frá þörfum barnsins**. Skólar, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar og aðrar stofnanir í nærumhverfi barnsins þurfa að eiga í samstarfi til að tryggja réttindi barna og vinna að sameiginlegri sýn á réttindi barna. Samstarfið er þróað með það að markmiði að deila reynslu og efla réttindastarfið. Markmiðið með auknu samstarfi er einnig að vernda réttindi þeirra barna sem þurfa sérstakan stuðning með viðeigandi aðlögun. UNICEF hvetur til samstarfs við foreldra.

Þannig er verkefnið Réttindaskóli og -frístund UNICEF **bæði hugmyndafræði og hagnýtt verkefni** sem miðar að því að auka virðingu, vernd og framkvæmd mannréttinda.

Greinargerð vegna stöðumats.

Vorið 2025 var stöðukönnun lögð fyrir starfsmenn Hvassaleitisskól, Krakkakots og Tónabæjar. Haustið 2025 hófst innleiðing Réttindaskóla UNICEF í Hvassaleitisskóla og stöðukönnun lögð fyrir nemendur. Veturinn 2025 var öryggis- og aðgengiskönnun svo lögð fyrir nemendur.

Umsjónarmenn voru búnir að fara yfir niðurstöður áður en þær voru birtar fulltrúum nemenda.

Á Réttindaráðsfundi þann 12. mars 2026 fóru fulltrúar nemenda yfir niðurstöður úr stöðukönnun barna með umsjónarmanni. Niðurstöðum var varpað upp á skjá og völdu nemendur þá þætti sem þeim fannst að ætti að vera í forgangi. Nemendur voru óhræddir við að tjá skoðun sína og lögðu allir eitthvað til málanna. Eftir að hafa flokkað helstu niðurstöður ákvað hópurinn saman hvað leggja þyrfti áherslu á, á næsta skólaári. Vinnan tók um tvær klukkustundir.

Helstu niðurstöður úr stöðukönnun barna voru:

- að efla þarf leiðir til að kynna barnasáttmálann innan skólans
- að ekki öllum nemendum líður mjög vel í skólanum
- að fræða þarf nemendur um réttindi sín

Á Réttindaráðsfundi þann 7. maí 2026 fór ráðið yfir niðurstöður úr Öryggis og aðgengiskönnun. Sami háttur var hafður á og þegar nemendur fóru yfir stöðukönnun barna. Vinnan tók um tvær klukkustundir.

Helstu niðurstöður úr Öryggis og aðgengiskönnun voru:

- að ekki öll börn finna fyrir öryggi í skólanum
- að bæta þarf hálkuvörnir við skólann
- að bæta þarf bókakost skólans þegar að kemur að bókum sem fjalla um eða sýna hinsegin málefni

Á fundi umsjónarmanna var farið yfir niðurstöður úr stöðukönnun starfsmanna.

Helstu niðurstöður voru:

- að efla þarf fræðslu til starfsmanna um réttindi barna svo þeir geti miðlað fræðslu um réttindi barna samkvæmt Barnasáttmálanum
- að kynna þarf jafnréttisáætlun vinnustaðarins fyrir starfsfólki

- að kynna þarf viðbragðsáætlun vinnustaðarins í ofbeldis- og eineltismálum fyrir starfsfólki
- að kynna þarf verklagsreglur um tilkynningar til barnaverndar fyrir starfsfólki

Haustið 2025 var lögð fyrir stöðukönnun fyrir starfsfólk Tónabæjar. Starfsfólk Tónabæjar var 8 talsins á þeim tíma sem könnunin var tekin og var 100% svarhlutfall.

Helstu niðurstöður voru:

- Það þarf að kynna Barnasáttmálann betur fyrir starfsmannahópnum og um hvað hann snýst
- Einblína meira á hugmyndir og skoðanir barnanna þegar kemur að skipulagningu starfsins
- Klára jafnréttisáætlun félagsmiðstöðvarinnar og kynna hana fyrir starfsfólki

Að setja upp aðgerðir.

Þau gögn sem voru nýtt við gerð allra aðgerða voru niðurstöður kannana í stöðumati.

Börn

Markmið	Að efla þekkingu nemenda á Barnasáttmálanum.
Hvað á að gera?	Að allir nemendur læri grunnforsendur Barnasáttmálans (greinar 2., 3., 6. og 12.) Setja upp upplýsingavegg Réttindaráðs. Setja upp hugmyndakassa svo nemendum gefist tækifæri á að koma sínum hugmyndum á framfæri. Búa til Kahoot spurningaleik
Hver ber ábyrgð?	Kennarar Réttindaráð
Hvernig er þetta gert?	Að kennarar kenni markvisst 2., 3., 6. og 12 grein Barnasáttmálans. Hengi upp þessar greinar og vinni verkefni í tengslum við þær með börnunum. Réttindaráð setur upp upplýsingavegg og hugmyndakassa Réttindaráðs inni á bókasafni. Réttindaráð býr til Kahoot spurningaleik sem kennarar leggja fyrir nemendur.

Hvenær á að byrja/klára?	Fræðsla fer fram í upphafi hvers skólaárs, ágúst - september og jafnt og þétt yfir skólaárið.
Tenging við markmið Réttindaskóla	Að auka þekkingu á réttindum barna Að Barnasáttmálin sé hluti af daglegu starfi
Tenging við Barnasáttmálann	     

Markmið	Að öllum nemendum líði vel í skólanum.
Hvað á að gera?	Finna leiðir til að öllum nemendum geti liðið vel í skólanum. Koma upp hugmyndakassa.
Hver ber ábyrgð?	Kennarar Stjórnendur Réttindaráð
Hvernig er þetta gert?	Spyrja nemendur hvernig þeim líður t.d. á bekkjarfundum. Ræða hvaða aðstæður valda kvíða í skólanum og finna leiðir til að bregðast við því. Að nemendur viti að þeir geti leitað til annars starfsfólks en kennara ef þau vilja spjalla eins og nemendaráðgjafa, deildarstjóra, stuðningsfulltrúa, ritara og fleiri. Leggja áherslu á 29. grein BS, markmið menntunar. Menntun á að hjálpa börnum að læra að rækta sjálfsmynd sína, hæfileika og færni. Hún á að kenna þeim að þekkja réttindi sín, virða réttindi annarra, menningu þeirra og fjölbreytileika. Réttindaráð setur upp hugmyndakassa svo nemendur geti komið hugmyndum sínum á framfæri.
Hvenær á að byrja/klára?	Fræðsla fer fram á hverju skólaári, ágúst - september og jafnt og þétt yfir árið.
Tenging við markmið Réttindaskóla	Að auka þekkingu á réttindum barna Að auka lýðræði Að búa til samstarf út frá þörfum barnsins Að Barnasáttmálin sé hluti af daglegu starfi
Tenging við Barnasáttmálann	    

Markmið	Að allir nemendur viti að réttindin í Barnasáttmálanum gilda um öll börn.
Hvað á að gera?	Barnasáttmálinn sýnilegur í skólastofum, göngum og á bókasafni. Réttindaráð segir frá Barnasáttmálanum á sal og heimsækir bekk.
Hver ber ábyrgð?	Réttindaráð, umsjónarmenn réttindaskóla
Hvernig er þetta gert?	Barnasáttmálinn sýnilegur um skólann. Kynning frá Réttindaráði á sal um réttindi barna.
Hvenær á að byrja/klára?	Á hverju skólaári
Tenging við markmið Réttindaskóla	Að auka þekkingu á réttindum barna Að Barnasáttmálin sé hluti af daglegu starfi
Tenging við Barnasáttmálann	 

Markmið	Að allir nemendur læri um muninn á réttindum og forréttindum.
Hvað á að gera?	Ræða réttindi og forréttindi sem börn njóta í skólanum Nemendur í réttindaráði ræða við kennara um þetta verkefni og passa að því sé framfylgt
Hver ber ábyrgð?	Kennarar
Hvernig er þetta gert?	Eitt af haustverkefnunum okkar er að allir nemendur fræðist um réttindi og forréttindi. Rætt á bekkjarfundum og verkefni unnin í bekkjartímum.
Hvenær á að byrja/klára?	Á hverju skólaári, í nóvember.
Tenging við markmið Réttindaskóla	Að auka þekkingu á réttindum barna Að Barnasáttmálin sé hluti af daglegu starfi
Tenging við Barnasáttmálann	  

Markmið	Að hafa virkt barnaráð, hugmyndakassa og reglulegar kosningar í Krakkakoti.
Hvað á að gera?	Hafa hugmyndakassa og reglulegar kosningar.
Hver ber ábyrgð?	Forstöðukonur
Hvernig er þetta gert?	Hafa hugmyndakassa uppi og fara reglulega yfir hann á barnaráðsfundum þar eru hugmyndir flokkaðar í framkvæmanlegt, ekki framkvæmanlegt og bull. Svo er kosið um tvær hugmyndir sem við framkvæmum í starfinu. Gert sirka 1 sinnum á 1-2 mánaða fresti. Hafa reglulegar kosningar þar sem kosið er um viðfangsefni, matseðil, dót og margt fleira. Alltaf gert myndrænt skipulag aðgengilegt börnum um ferlið og niðurstöður kosninga.
Hvenær á að byrja/klára?	Byrjar í október 2026 og endar í maí 2027
Tenging við markmið Réttindaskóla	Að auka lýðræði.
Tenging við Barnasáttmálann	 

Markmið	Að nemendur hafi áhrif á dagskránnu í Tónabæ
Hvað á að gera?	Hafa hugmyndir og skoðanir nemenda að leiðarljósi þegar dagskrá mánaðarins er gerð.
Hver ber ábyrgð?	Starfsfólk Tónabæjar
Hvernig er þetta gert?	Hafa dagskrárgerð í Tónabæ í byrjun skólaársins þar sem við fáum hugmyndir frá nemendum fyrir viðburði á skólaárinu.
Hvenær á að byrja/klára?	Í upphafi hvers skólaárs, ágúst-september
Tenging við markmið Réttindaskóla	Að auka skoðanir og hugmyndir nemenda í Tónabæ
Tenging við Barnasáttmálann	 

Starfsfólk

Markmið	Að allt starfsfólk fái fræðslu um réttindi barna.
Hvað á að gera?	Fræða starfsfólk um Barnasáttmálann. Leggja fyrir starfsmannahópinn Kahoot spurningaleik
Hver ber ábyrgð?	Umsjónarmenn réttindaráðs Réttindaráð
Hvernig er þetta gert?	Tekið fyrir í árlegri fræðslu fyrir starfsfólk í upphafi skólaárs. Nemendur í Réttindaráði búa til Kahoot spurningaleik sem lagður er fyrir starfsmenn á starfsmannafundi
Hvenær á að byrja/klára?	Í upphafi hvers skólaárs, ágúst - september
Tenging við markmið Réttindaskóla	Að auka þekkingu á réttindum barna
Tenging við Barnasáttmálann	 

Markmið	Að allt starfsfólk viti að réttindi barna hafa ekki í för með sér skyldur fyrir börn.
Hvað á að gera?	Fræða starfsfólk um það af hverju við ræðum ekki um skyldur í samhengi við réttindi.
Hver ber ábyrgð?	Umsjónarmenn Réttindaskóla
Hvernig er þetta gert?	Tekið fyrir í árlegri fræðslu fyrir starfsfólk í upphafi skólaárs.
Hvenær á að byrja/klára?	Fræðsla fer fram að hausti hvers skólaárs.
Tenging við markmið Réttindaskóla	Að auka þekkingu á réttindum barna Að Barnasáttmálin sé hluti af daglegu starfi
Tenging við Barnasáttmálann	   

Markmið	Að allir kennarar miðli fræðslu um Barnasáttmálann.
Hvað á að gera?	Kennarar fræða nemendur um Barnasáttmálann og réttindi barna á mismunandi hátt eftir aldri barna reglulega yfir skólaárið. Vikan 16. -19. nóvember 2026 verður helguð réttindum barna. Halda Barnaþing 20. nóvember 2026 Kennarar leggja fyrir nemendur Kahoot spurningaleik sem Réttindaráð hefur búið til.
Hver ber ábyrgð?	Skólastjórnendur, umsjónarmenn Réttindaskóla, Réttindaráð og kennarar
Hvernig er þetta gert?	Áætlun um réttindafræðslu þar sem ákveðið er hvers konar fræðsla skuli fara fram og hvenær í árgöngum. Kahoot spurningaleikur lagður fyrir nemendur.
Hvenær á að byrja/klára?	Ágúst/september Barnaréttindavika 16. - 19. nóvember 2026 Barnaþing 20. nóvember 2026
Tenging við markmið Réttindaskóla	Að auka þekkingu, lýðræði og skapa eldmóð fyrir réttindum barna Að Barnasáttmálin sé hluti af daglegu starfi
Tenging við Barnasáttmálann	     

Markmið	Að allir viti að til sé viðbragðsáætlun í ofbeldis- og eineltismálum.
Hvað á að gera?	Kynna viðbragðsáætlun skólans fyrir starfsfólki
Hver ber ábyrgð?	Skólastjórnendur
Hvernig er þetta gert?	Tekið fyrir í árlegri fræðslu og umræðu um viðbragðsáætlunina fyrir starfsfólk í upphafi skólaárs.
Hvenær á að byrja/klára?	Í upphafi hvers skólaárs, september - október
Tenging við markmið Réttindaskóla	Að auka þekkingu á réttindum barna Að Barnasáttmálinn sé hluti af daglegu starfi
Tenging við Barnasáttmálann	  

Markmið	Að allir viti að til sé jafnréttisáætlun í skólanum og fái kynningu á henni.
Hvað á að gera?	Kynna jafnréttisáætlun skólans fyrir starfsfólki.
Hver ber ábyrgð?	Skólastjórnendur
Hvernig er þetta gert?	Tekið fyrir í árlegri fræðslu og umræðu um jafnréttisáætlun fyrir starfsfólk í upphafi skólaárs.
Hvenær á að byrja/klára?	Í upphafi hvers skólaárs, september - október.
Tenging við markmið Réttindaskóla	Að auka þekkingu á réttindum barna Að Barnasáttmálin sé hluti af daglegu starfi
Tenging við Barnasáttmálann	 

Markmið	Að allir þekki hvernig og hvenær við tilkynnum til barnaverndar þegar grunur um illa meðferð á barni vaknar. Það kynnt með reglubundnum hætti.
Hvað á að gera?	Kynna starfsfólki fyrir verklagsreglum varðandi tilkynningar til Barnaverndar.
Hver ber ábyrgð?	Skólastjórnendur
Hvernig er þetta gert?	Tekið fyrir í árlegri fræðslu og umræðu um verklagsreglur og áætlanir sem snúa að börnum í upphafi skólaárs.
Hvenær á að byrja/klára?	September/ október 2026
Tenging við markmið Réttindaskóla	Að auka þekkingu á réttindum barna Að Barnasáttmálin sé hluti af daglegu starfi
Tenging við Barnasáttmálann	  

Markmið	Að allt starfsfólk Krakkakots fái fræðslu um réttindi barna og barnasáttmálann.
Hvað á að gera?	Fræða starfsfólk um réttindi barna og barnasáttmálann og hvernig sé hægt að tengja það við starfið okkar.

Hver ber ábyrgð?	Forstöðukonur
Hvernig er þetta gert?	Fá Lilju Mörtu sérfræðing til að fræða starfsfólkið árlega.
Hvenær á að byrja/klára?	Fá fræðsluna í byrjun október. Þá er oftast búið að manna flestar stöður og nóg eftir af starfinu til þess að innleiða það sem kemur úr fræðslunni.
Tenging við markmið Réttindaskóla	Að auka þekkingu á réttindum barna.
Tenging við Barnasáttmálann	 

Markmið	Að tengja starfsemi Krakkakots við Barnasáttmálann
Hvað á að gera?	Gera það sýnilegt fyrir börnum og starfsfólki hvernig starfsemin og rýmið okkar er tengt barnasáttmálanum
Hver ber ábyrgð?	Forstöðukonur
Hvernig er þetta gert?	Hengja upp greinar úr barnasáttmálanum þar sem það á við t.d. við tilkynningar, myndrænt skipulag og í rýminu þar sem það á við. Einnig tengja viðfangsefni á valttöflu og dagskrá með grein úr sáttmálanum þegar við á eins og barnaráð, kosningar, 3. og 4. bekkjarfjör og fleira.
Hvenær á að byrja/klára?	Byrjum í ágúst og bætum við jafnóðum þegar við á út árið.
Tenging við markmið Réttindaskóla	Barnasáttmálinn sé hluti af daglegu starfi.
Tenging við Barnasáttmálann	 

Markmið	Að starfsfólk Tónabæjar viti af jafnréttisáætlun félagsmiðstöðvarinnar.
Hvað á að gera?	Klára jafnréttisáætlun félagsmiðstöðvarinnar og kynna hana fyrir starfsfólki Tónabæjar.
Hver ber ábyrgð?	Forstöðukona Tónabæjar

Hvernig er þetta gert?	Áætlunin er kláruð í byrjun skólaársins og síðan kynnt fyrir starfsfólki í haust og rifjuð upp reglulega.
Hvenær á að byrja/klára?	Í upphafi skólaársins
Tenging við markmið Réttindaskóla	Að auka þekkingu á réttindum barna – Að Barnasáttmálinn sé hluti af daglegu starfi.
Tenging við Barnasáttmálann	 

Öryggi- og aðgengi

Markmið	Að hálfkuvarnir séu góðar við skólahúsnæðið og á skólalóðinni.
Hvað á að gera?	Tryggja að hálfkuvarnir séu í lagi. Að salta/sanda skólalóðina þegar þess þarf og jafnvel kalla út söltunarbíl ef þarf. Að tryggja að búið sé að ryðja gangstígar í kringum skólann og á skólalóð.
Hver ber ábyrgð?	Umsjónarmaður fasteigna, skólastjórnendur
Hvernig er þetta gert?	Yfirfara verklag sem snýr að hálfkuvörnum og snjóþyngslum á skólalóð.
Hvenær á að byrja/klára?	Skólaárið 2026 - 2027
Tenging við markmið Réttindaskóla	Að auka þekkingu á réttindum barna Að Barnasáttmálinn sé hluti af daglegu starfi
Tenging við Barnasáttmálann	

Markmið	Að öll börn finni fyrir öryggi á skólalóðinni.
Hvað á að gera?	Tryggja að nægur mannaflí sé í gæslu í frímínútum. Að fólki á gæslu dreifi sér um skólalóðina. Festa fólki á gæslu á ákveðnum stöðum eins og fótboltavelli. Réttindaráð rýnir í gæsluskipulag og ræðir hvort og hvernig hægt sé að gera betur.
Hver ber ábyrgð?	Skólastjórnendur (deildarstjóri stoðþjónustu) og starfsfólk á gæslu
Hvernig er þetta gert?	Stjórnendur kortleggja gæsluna og deildarstjóri stoðþjónustu ræðir við fólki sem er í gæslu.

Hvenær á að byrja/klára?	Skólaárið 2026-2027
Tenging við markmið Réttindaskóla	Að auka þekkingu á réttindum barna Að Barnasáttmálin sé hluti af daglegu starfi
Tenging við Barnasáttmálann	  

Markmið	Að bæta bókakost skólabókasafnsins.
Hvað á að gera?	Kaupa fleiri bækur sem fjalla um eða sýna réttindi barna og hinsegin málefni
Hver ber ábyrgð?	Umsjónarmenn Réttindaráðs og umsjónarmaður bókasafnsins.
Hvernig er þetta gert?	Umsjónarmaður bókasafnsins kaupir fleiri bækur og stillir þeim upp við Réttindaráðsvegginn.
Hvenær á að byrja/klára?	Skólaárið 2026 - 2027
Tenging við markmið Réttindaskóla	Að auka þekkingu á réttindum barna Að Barnasáttmálin sé hluti af daglegu starfi
Tenging við Barnasáttmálann	  

Samantekt

Hér er stutt samantekt á helstu aðgerðum:

Börn

- Fræða alla nemendur um Barnasáttmálann, sérstaklega greinar 2, 3, 6 og 12.
- Setja upp upplýsingavegg og hugmyndakassa Réttindaráðs.
- Búa til og leggja fyrir Kahoot-leik um réttindi barna.
- Efla vellíðan nemenda með reglulegum samtölum, bekkjarfundum og aðgengi að stuðningsaðilum.
- Gera Barnasáttmálann sýnilegan í skólanum og kynna hann reglulega fyrir nemendum.
- Kenna nemendum muninn á réttindum og forréttindum.
- Efla lýðræðislega þátttöku barna með barnaráði, hugmyndakössum og reglulegum kosningum í Krakkakoti.
- Tryggja að hugmyndir og skoðanir nemenda hafi áhrif á dagskrá Tónabæjar.

Starfsfólk

- Veita öllu starfsfólki árlega fræðslu um Barnasáttmálann og réttindi barna.
- Fræða starfsfólk um að réttindi barna séu ekki háð skyldum barna.
- Tryggja að kennarar miðli fræðslu um réttindi barna allt skólaárið.
- Halda Barnaréttindaviku og Barnaþing til að efla vitund og þátttöku.
- Kynna reglulega viðbragðsáætlanir vegna ofbeldis- og eineltismála.
- Kynna jafnréttisáætlanir og verklagsreglur um tilkynningar til barnaverndar.
- Fræða starfsfólk Krakkakots og Tónabæjar um réttindi barna og tengingu starfseminnar við Barnasáttmálann.

Öryggi og aðgengi

- Tryggja góðar hálkuvarnir, snjómokstur og örugga umgengni á skólalóð.
- Efla öryggi nemenda með markvissri gæslu á skólalóð og reglulegu mati á gæsluskipulagi.
- Bæta bókakost bókasafnsins með bókum um réttindi barna og fjölbreytileika.
- Gera réttindi barna sýnileg í umhverfi skólans og í daglegu starfi.

Heildarmarkmið: Að auka þekkingu á réttindum barna, efla lýðræðislega þátttöku, stuðla að vellíðan og öryggi barna og gera Barnasáttmálann að sýnilegum og virkum hluta af daglegu skóla- og frístundastarfi.